



**Jarðlagagreining HS-36 Nauthólsvík 0-252
m dýpi**

Jens Tómasson

Greinargerð JT-93-06


JARÐLAGAGREINING HS-36 NAUTHÓLSVÍK 0 - 252 m dýpi

- 0-16 m. Vantar svarf.
- 16-26 m. Fínkristallað ferskt basalt með nokkrar blöðrur, sem eru ýmist alveg tómar eða með ópalfyllingar. Annars mjög lítið af holufyllingum.
- 26-38 m. Efst í þessu lagi er mest basalt með fersku gleri, en glermagnið og magnið af hlutkristölluðu basalti vex með dýpi. Líklega er þetta basaltlag sem hefur runnið yfir votlendi og breksíerast.
- 38-58 m. Mjög fínt leirkennt set með skeljum. Í neðstu 8 er mikið af basalti og tæjur af fína basaltinu, ofar sést á basaltbrotkorn. Þetta er því set með basalt dreifikornum og fínna grunninum sem bindiefni. Talsvert mikið er af ópal holufyllingum sem brotkorn í grófa setinu.
- 58-66 m. Fínkristallað basalt sem verður grófara með dýpi, neðst er það meðalgróft. Töluvert er af holufyllingum í þessu lagi, ópall og kapasít?
- 66-78 m. Túffkennt heldur grófara set en fína setið og dreifikorn eru næstum bara siderómelangler með bindiefni sem er hvítt, sennilega zeólítar.
- 78-92 m. Fínt set, mjög líkt fína setinu fyrir ofan, en það er töluvert af kalsíti í fína grunninum.
- 92-126 m. Að mestu leyti móberg, brotkornin eru mjög lítil og erfitt að sjá byggingu bergsins. Þetta gæti verið settúff, en það sjást engin skýr merki um það. Talsvert mikið af holufyllingum, ópall, zeólítar og kalsít og vottur af pyríti. Tvö basaltlög ganga í gegnum þetta lag, gæti verið gangar.
- 126-134 m. Setlag og leirfyllt basalt, það eru basalt brotkorn með skán af leir eða steypu.
- 134-158 m. Túffkennt set, dreifikorn af ummynduðu gleri, bindiefnið leir en einnig mjög fínn setgrunnur sem bindiefni. Í neðstu 4 metrunum er ekki hægt að sjá setstrúktúr, en það gæti verið grófara set.
- 158-166 m. Fínkristallað basaltlag sem er svolítið breksíerað, efst gæti verið kargahluti af basaltlaginu.
- 166-188 m. Set misjafnlega glerríkt, í grófara hluta setsins er mikið af leirtæjum á brotkornunum.
- 188-200 m. Móberg, þ.e. að gler- og basaltbrotkornin eru stærri en brotkornastærðin og því engin seteinkenni, en þetta gæti þó verið set.
- 200-210 m. Fínkristallað þétt fersklegt basalt, nær engar holufyllingar.










210-252 m. Þetta er merkt á sniðið sem set og móbergstúff með þunnu basaltlagi á milli en í rauninni eru þetta mjög lík lög. Í setlagi er töluvert af rauðum setkornum en meginhluti bergsins er ummyndað siderómelan gler þar sem dreifikornastærðin er stærri en brotkornastærðin, en einnig rautt laumontít utan á gler brotkornunum. Í túfflaginu er þá nærri eingöngu ummyndað gler en talsvert er af rauðu laumoníti á köntum glerbrotkornanna í efri hluta lagsins.

Ummyndun og holufyllingar.

Ferskt gler sést niður undir 80 m dýpi. Ópall sést 20 m dýpi sem fyllingar í blöðrum, en meginhluti blalðra eru þó tómar í efsta laginu. Fyrir neðan 20 m er ópall og kalsedon aðal holufyllingarsteindin niður á 200 m dýpi og eru þessar fyllingar mest sem brotkorn. Kalsít sést aðeins í sjávarsetum, eru það sennilega skeljar. Kapsít finnst á stöku stað og allsstaðar í litlum mæli frá 62 m dýpi. Fyrir neðan 200 m eykst magn af zeólítum, hins vegar eru holufyllingar smáar og erfitt að sjá kristalgerðina, þetta gæti vel verið mest kakpasít því flestir zeólítarnir eru glærir, en það finnst einnig mattur hvítur zeólít.



Skýringar við jarðlagasnið

-  Fersklegt fín-meðalkorna basalt
-  Ummynnað fín-meðalkorna basalt
-  Fersklegt glerjað basalt
-  Basaltrík breksía
-  Túff
-  Fínkornótt set
-  Grófkornótt set
-  Svarf vantar
-  Túffríkt set

R : Rautt millilag

se sjávarset

ie leir tæjur á brotkornum

kb kábasít

ka kalsít